

Svar

umhverfis- og auðlindaráðherra við fyrirspurn
frá Birni Val Gíslasyni um flutning stofnana.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Er fyrirhugað að flytja höfuðstöðvar eða starfsstöðvar einhverra þeirra stofnana sem undir ráðherra heyra? Ef svo er, óskast greint frá því hvaða starfsemi á i hlut og hvaðan og hvert starfsemin verður flutt.

Ekki hafa verið teknar ákvarðanir um flutning höfuðstöðva eða starfsstöðva stofnana sem heyra undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

Til upplýsinga er bent á að höfuðstöðvar nokkurra stofnana ráðuneytisins eru staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins eða Landmælinga Íslands, Landgræðslu ríkisins, Skógræktar ríkisins, Náttúruvannsóknastöðvarinnar við Mývatn og Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar. Að auki hafa margar stofnanir ráðuneytisins starfsstöðvar úti á landi.